

Vestfjarðastofa ses.
Ársreikningur
2023

Vestfjarðastofa ses.
Árnagata 2-4
400 Ísafjörður
kt. 580518-1170

Vestfjarðastofa ses.

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðenda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11
Yfirlit deilda	12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vestfjarðastofu ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vestfjarðastofu á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vestfjarðastofu ses. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Vestfjarðastofu ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar félagsins. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 2024

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Vestfjarðastofa sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stofnfundur Vestfjarðastofu ses. var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa ses. yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

Starfsemin á árinu	2023	2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	294.461.080	293.720.971
Rekstrarniðurstaða.....	5.345.640	633.367
Fjöldi ársverka nam.....	12,8	11,7
	31.12.2023	31.12.2022
Eignir félagsins námu.....	93.350.754	105.872.766
Bókfært eigið fé nam.....	15.358.969	10.013.329
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	16,5%	9,5%

Stofnfé Vestfjarðastofu ses. er 2,8 milljónir og skiptist á 28 aðila sem hver um sig lagði fram 100 þúsund króna stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum.

Starfsemi Vestfjarðastofu ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Vestfjarðastofu ses. í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2023.

Stjórn Vestfjarðastofu ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 með undirritun sinni og leggur til við aðalfund að hann verði samþykktur.

Ísafjörður 2024

Jóhanna Ösp Einarsdóttir , formaður

Dagný Finnbjörnsdóttir

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Magnús Ingi Jónsson

Gauti Geirsson

Elísabet Gunnarsdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Halldór Halldórsson

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		274.777.695	282.851.581
Aðrar tekjur		19.683.385	10.869.390
		<u>294.461.080</u>	<u>293.720.971</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(186.915.679)	(166.565.321)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(25.260.259)	(20.241.353)
Kostnaður vegna verkefna		(80.651.781)	(106.789.488)
		<u>(292.827.719)</u>	<u>(293.596.162)</u>
		1.633.361	124.809
Fjármunatekjur		3.787.784	601.229
Fjármagnsgjöld		(75.505)	(92.671)
	5	<u>3.712.279</u>	<u>508.558</u>
Rekstrarniðurstaða		<u><u>5.345.640</u></u>	<u><u>633.367</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Stofnfé í sjálfseignarstofnunum		380.667	380.667
		<u>380.667</u>	<u>380.667</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir		33.490.170	12.020.164
Handbært fé		59.479.917	93.471.935
		<u>92.970.087</u>	<u>105.492.099</u>
Eignir		<u>93.350.754</u>	<u>105.872.766</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	6	2.800.000	2.800.000
Óráðstafað eigið fé		7.213.329	6.579.962
Rekstrarafkoma		5.345.640	633.367
Eigið fé		<u>15.358.969</u>	<u>10.013.329</u>
Skammtímaskuldir			
Óhafnir styrkir		16.900.577	24.330.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld		22.794.965	18.776.879
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur		37.350.596	46.860.265
Aðrar skammtímaskuldir		945.647	5.892.293
		<u>77.991.785</u>	<u>95.859.437</u>
Skuldir		<u>77.991.785</u>	<u>95.859.437</u>
Eigið fé og skuldir		<u>93.350.754</u>	<u>105.872.766</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		1.633.361	124.809
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.633.361	124.809
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(21.470.006)	6.802.188
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(17.867.652)	1.196.945
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(37.704.297)	8.123.942
Innborgaðir vextir og arður		3.787.784	601.229
Greiddir vextir		(75.505)	(92.671)
Handbært fé (til), frá rekstri		(33.992.018)	8.632.500
Fjárfestingahreyfingar			
Stofnfé flutt frá AV		0	0
		0	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(33.992.018)	8.632.500
Handbært fé í upphafi árs		93.471.935	84.839.435
Handbært fé í lok árs		59.479.917	93.471.935

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vestfjarðastofa sjálfseignastofnun (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stofnfundur Vestfjarðastofu ses. var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa ses. yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun	150.213.994	133.784.039
Lífeyrissjóður	20.846.729	18.254.854
Önnur launatengd gjöld	14.570.382	12.899.287
Lífeyrisskuldbinding	194.986	194.986
Annar starfsmannakostnaður	1.089.588	1.432.155
	<u>186.915.679</u>	<u>166.565.321</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	12,8	11,7

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.758.055	579.065
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	29.729	22.164
	<u>3.787.784</u>	<u>601.229</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(75.505)	(61.548)
Dráttarvaxtagjöld	0	(31.123)
	<u>(75.505)</u>	<u>(92.671)</u>
	<u>3.712.279</u>	<u>508.558</u>

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022	2.800.000	6.579.962	9.379.962
Rekstrarafkoma ársins		633.367	633.367
Eigið fé 1.1.2023	2.800.000	7.213.329	10.013.329
Rekstrarafkoma ársins		5.345.640	5.345.640
Eigið fé 31.12.2023	<u>2.800.000</u>	<u>12.558.969</u>	<u>15.358.969</u>

7. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verktakasamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld skráð eftir framvindu samnings á reikningsskiladegi. Skráningin miðast við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verktakasamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur skráðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurkræfur. Kostnaður vegna verktakasamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verktakasamningi er hið áætlaða tap fært strax til gjalda.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Rekstrartekjur

	2023	2022
FV-VFS v. rekstur skrifstofu-Jöfnunarsjóður	36.000.000	33.000.000
FV-VFS v. sóknaráætlun	41.500.000	55.005.000
FV-VFS Framlag Byggðast. v. atvinnuþróun	41.681.746	41.890.942
FV-VFS v. þróun sóknaráætlun-Jöfnunarsjóður	6.200.000	5.600.000
FV-VFS rekstur skrifstofu-sveitarfélög	41.500.000	39.500.000
Framlög ferðamálastofu	22.000.000	22.000.000
Verkefnastyrkir	11.389.549	20.452.950
Brothættar byggðir	18.000.000	22.650.000
Styrkir vegna brothættra byggða	37.500.000	44.500.000
Verkefnatekjur frá ráðneytum	5.306.400	(1.850.000)
Framlög f.f.ári nýtt á árinu	16.200.000	29.581.400
Framlög flutt til næsta árs.	(2.500.000)	(29.478.711)
	<u>274.777.695</u>	<u>282.851.581</u>

Aðrar tekjur

	2023	2022
Endurgr. v. þjónustu bókara	4.440.000	4.440.000
Endurgr. útlagður kostnaður	2.711.035	555.200
Auglýsingar	962.000	0
RECET evrópuverkefni	7.240.976	0
RECET evrópuverkefni tekjur fluttar til næsta árs	(4.190.331)	0
Ýmsar tekjur	3.144.705	3.279.190
Árgjald Markaðsstofu	5.375.000	2.595.000
	<u>19.683.385</u>	<u>10.869.390</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Vinnulaun	147.878.343	130.209.559
Tryggingagjald	10.883.501	9.551.206
Lífeyrissjóður	20.846.729	18.254.854
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður	3.686.881	3.348.081
Áunnið orlof, breyting	2.335.651	3.574.480
Annar starfsmannakostnaður	1.089.588	1.432.155
Lífeyrisskuldbinding	194.986	194.986
	<u>186.915.679</u>	<u>166.565.321</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2023	2022
Húsaleiga	12.320.824	11.384.930
Afnotagjöld	1.532.842	817.766
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	881.100	1.978.037
Sími, Internet og burðargjöld	866.873	976.035
Pappír, prentun og ritföng	207.117	80.238
Endurskoðun og reikningsskil	1.704.272	1.361.396
Skrifstofutæki og áhöld	3.844.004	1.298.590
Tryggingar	444.753	406.936
Auglýsingar	686.957	0
Annar kostnaður	2.771.517	637.159
	<u>25.260.259</u>	<u>18.941.087</u>

Kostnaður vegna verkefna

	2023	2022
Fundir og ferðir vegna verkefna	11.218.940	12.706.301
Aðkeyptir verktakar vegna verkefna	14.248.123	8.337.473
Markaðsmál ferðaþjónustu	3.610.737	8.012.373
Sérverkefni	0	7.430.705
Styrkir áherslu verkefna í umsjón VFS	37.649.000	63.945.210
Bifreiðastyrkir og aksturskostnaður	2.668.757	1.961.560
Dagpeningar	4.609.677	3.295.962
Vefir og samfélagsmiðlar	6.051.919	1.300.266
Auglýsingar	594.628	1.099.904
	<u>80.651.781</u>	<u>108.089.754</u>

Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2023

Rekstrarreikningur

	Samtals	Rekstur skrifstofu	Sóknaráætlun	Atvinnu- og byggðapróun	Byggðamál og samfélag	Markaður og menning
Framlög og styrkir	270.587.364	33.800.000	18.200.000	135.410.091	23.727.273	59.450.000
Aðrar tekjur	23.873.716	5.787.367	0	2.510.000	10.651.319	4.925.030
Laun og annar starfsmannakostnaður	(186.915.679)	(25.652.601)	(15.361.777)	(86.724.131)	(24.305.372)	(34.871.798)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(25.260.259)	(10.255.948)	(1.716.157)	(4.374.707)	(3.506.523)	(5.406.924)
Kostnaður vegna verkefna	(80.651.781)	(3.631.538)	(998.505)	(46.271.071)	(5.964.129)	(23.786.538)
Rekstraniðurstaða f. Fjármagnsl.	1.633.361	47.280	123.561	550.182	602.568	309.770
Fjármunatekjur	3.787.784	3.787.784	0	0	0	0
Fjármagnsgjöld	(75.505)	(75.505)	0	0	0	0
	<u>3.712.279</u>	<u>3.712.279</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarniðurstaða	<u>5.345.640</u>	<u>3.759.559</u>	<u>123.561</u>	<u>550.182</u>	<u>602.568</u>	<u>309.770</u>